

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 6. mars 2003.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 12

11. mars 2003

LÖG

um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild.

Iðnaðarráðherra er veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma þessara laga við Alcoa Incorporated, Fjarðaál sf. (félagið) og stofnendur þess, Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf. (eigendurnir), um að reisa og reka álverksmiðju og tengd mannvirki á Íslandi (verkefnið).

Samningarnir skulu kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins, Alcoa Inc., félagsins og eigenda þess sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félagið, eigendurna og starfsemi, þ.m.t. framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Í slíkum samningum skal ákveðið hversu lengi ákvæði þeirra skuli gilda og skulu þau eigi gilda skemur en í 20 ár frá stofnun Fjarðaáls sf.

Fjárfestingarsamningur sá sem iðnaðarráðherra undirritar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum um meginatriði verkefnisins skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Starfsemi félagsins og eigendanna skal vera í samræmi við íslensk lög og reglugerðir eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.

Verkefnið.

Verkefnið, sem lög þessi taka til, felur í sér að félagið byggir álverksmiðju í Reyðarfirði í Fjarðabyggð til framleiðslu á áli og aðstöðu sem tengist slíkri framleiðslu og skyldri starfsemi, þ.m.t. bygging hafnarmannvirkja eins og nánar verður um samið í fjárfestingarsamningi sem gerður verður innan ramma þessara laga milli iðnaðarráðherra og félagsins og hafnarsamningi milli hafnarsjóðs Fjarðabyggðar og félagsins. Álverksmiðjan er hönnuð til framleiðslu á allt að 322.000 tonnnum af áli á ári.

3. gr.

Ábyrgðir ríkisstjórnarinnar.

Í tengslum við framkvæmd verkefnisins skv. 2. gr. er ríkisstjórninni heimilt að tryggja efndir af hálfu Fjarðabyggðar eins og þær eru ákveðnar í fjárfestingarsamningi, auk efnda hafnarsjóðs Fjarðabyggðar eins og kveðið er á um í hafnarsamningi.